

## **BORGARRÁÐ 16. APRÍL 2026: Tillaga áheyrnarfulltrúans Kjartans Magnússonar um afnot af styttu af sr. Friðriki Friðrikssyni - MSS26040040**

Lagt er til að samið verði við Listasafn Sigurjóns Ólafssonar um að safnið fái afnot af styttu Sigurjóns Ólafssonar af séra Friðriki Friðrikssyni æskulýðsleiðtoga, sem nú er hýst í lokaðri listaverkageymslu Listasafns Reykjavíkur. Um lánsafnot verði að ræða.

### **Greinargerð:**

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti hinn 23. nóvember 2023 að listaverkið Séra Friðrik og drengurinn, styttu af séra Friðriki Friðrikssyni, sem staðið hafði við horn Lækjargötu og Amtmannsstíg frá árinu 1955, yrði tekin af stalli og úr almannarými og flutt í geymslu Listasafns Reykjavíkur.

Hinn 1. desember 2023 gerði Birgitta Spur, ekkja Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara og höfundar umrædds listaverks, tilkall til styttnnar og óskaði eftir því að fá hana afhenta. Tilkallið var gert eftir að styttnan hafði verið tekin af stalli og flutt í lokaða geymslu. Tilkallið var rökstutt með því að um væri að ræða einstakt verk eftir Sigurjón og hafi hann lagt mikið til við gerð hennar.

Á fundi borgarráðs 1. febrúar 2024 var beiðni Birgittu Spur um tilkall til styttnnar hafnað með vísan í umsögn Listasafns Reykjavíkur um málið frá 18. desember 2023, sem og minnisblaðs embættis borgarlögmans frá 26. janúar 2024.

Í áðurnefndri umsögn Listasafns Reykjavíkur kemur fram að í samþykktum þess komi fram, að ekki sé heimilt að selja eða láta á annan hátt af hendi listaverk úr eigu borgarinnar, sem þegin hafa verið að gjöf. Allt mæli með því að þetta ákvæði eigi við um umrætt verk.

Segja má að vafi leiki á um eignarhald styttnnar enda hafa ekki fundist formlegar og/eða skýrar eignarheimildir yfir henni. Á sínum tíma efndu nokkrir þekktir einstaklingar til fjársöfnunar á landsvísu í því skyni að styrkja Sigurjón til skapa listaverkið. Styttan hefur þó verið í umsjá Reykjavíkurborgar frá afhjúpun hennar í maí 1955.

Í áðurnefndu minnisblaði embættis borgarlögmans frá 26. janúar 2024 segir að telja verði örðugt að fullyrða um eignarhald á styttnni á grundvelli skráðra eignarheimilda. Hins vegar verði ekki litið framhjá því að styttnan var á ábyrgð Reykjavíkurborgar, allt frá uppsetningu og að hún hafi verið athugasemdalaust í umráðum borgarinnar í rúm 38 ár. Hafi hún ekki í upphafi verið gefin Reykjavíkurborg til eignar, megi því engu að síður telja að styttnan hafi orðið eign borgarinnar á grundvelli hefðar í síðasta lagi árið 1994.

Borgarráð tók ákvörðun sína í kjölfar ásakana um að sr. Friðrik hefði beitt drengi kynferðislegri áreitni eða ofbeldi. Umræddar ásakanir voru nafnlausar og ekki hefur verið sýnt fram á að þær eigi við rök að styðjast. Segja má að þannig hafi verið kveðinn upp dómur yfir látnum manni án fullnægjandi gagnaöflunar og rannsóknar.

Tilgangurinn með umræddu tilkalli Birgittu Spur var að sjá til þess að listaverkið yrði tekið til sýningar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar við Laugarnestanga, með öðrum verkum listamannsins og miðla því þannig til safngesta, í stað þess að það yrði haft í lokaðri geymslu Listasafns Reykjavíkur um ókomna tíð.

Tillaga um að Reykjavíkurborg semji við Listasafn Sigurjóns Ólafssonar um lánsafnot af listaverkinu, felur í sér málamiðlun milli fram kominna sjónarmiða í málinu. Listaverkið yrði þannig áfram í eigu Reykjavíkurborgar en lánað og haft til sýnis á safni, sem helgað er minningu og verkum listamannsins.